

Jónsmessunefnd

Teams

14. maí 2025

Mætt: Aðalsteinn Þorsteinsson, Guðni Geir Einarsson, Guðrún Ögmundsdóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir, Hermann Sæmundsson, Ingilín Kristmannsdóttir, Jóhanna Sigurjónsdóttir og Jón Björn Hákonarson.

Auk þess sátu fundinn Guðrún Birna Finnsdóttir frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu vegna 1. liðar og Erna Kristín Blöndal og Halldóra Dröfn Gunnarsdóttir vegna 2. liðar.

1. Rammasamningar og sameiginleg innkaup sveitarfélaga

Guðrún Birna Finnsdóttir frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu fjallaði um rammamninga og sameiginleg innkaup hins opinbera, stöðuna á fyrirkomulagi hvað það varðar, mögulegar breytingar á fyrirkomulaginu og aðkomu sveitarfélaga.

Málefnið verður tekið til umræðu í stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga og rætt aftur á fundi Jónsmessunefndar í haust.

2. Ábyrgðarhlutverk ríkis og sveitarfélaga í menntamálum – skipun starfshóps.

Erna Kristín Blöndal og Halldóra Dröfn Gunnarsdóttir frá mennta- og barnamálaráðuneytinu ræddu um skipun samráðshóps með fulltrúum ríkis og sveitarfélaga sem fái það hlutverk að horfa yfir menntakerfið í heild og framtíðarþróun þess. Erindisbréf hópsins er í undirbúningi í mennta- og barnamálaráðuneytinu þar sem nánar verður kveðið á um hlutverk og verkefni hópsins og er stefnt að því ganga frá skipun hans á næstu vikum.

3. Samstarfsráð ríkis og sveitarfélaga og fundir Jónsmessunefndar

Boðun fundar í samstarfsráði í haust/vetur – stefnt að miðjum september.

Fundir Jónsmessunefndar næsta vetur – annar miðvikudagur í mánuði kl. 13.

Starfsdagur Jónsmessunefndar í haust – 27. ágúst eftir hádegi.